



Sjúkratryggingar Íslands
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík

Fjarðabyggð, 22. september 2020
Tilvísun 2009147/5.9.3

Uppsögn á samningi um rekstur og þjónustu Hulduhlíðar og Uppsala frá 20. desember 2019

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar ákvað á fundi sínum 17. september 2020 að segja upp þjónustu-samningum um rekstur hjúkrunarheimilisins að Dalbraut 1 á Eskifirði (Hulduhlíð heimili aldraðra kt. 660691-2199) og hjúkrunarheimilisins að Hlíðargötu 62 á Fáskrúðsfirði (Uppsalið, dvalarheimili aldraðra kt. 440987-2739) en báðir samningar eru dagsettir 20. desember 2019.

Samningunum er sagt upp í heild sinni í samræmi við 21. gr. um gildistíma og uppsögn samningsins. Uppsögnin tekur gildi frá og með 1. október 2020 og samningstíma lýkur 31. mars 2021. Fjarðabyggð er tilbúið til viðræðna um verklokaáætlun og rekstraraðilaskipti eins og kveðið er á um í 20. gr. samningsins og í samræmi við 13. gr. almennra skilmála Sjúkratrygginga Íslands í fylgiskjali 1 með samningi aðila.

Fjarðabyggð ritaði Sjúkratryggingum Íslands og Heilbrigðisráðherra bréf dagsett 12. júní 2020 er varðaði fjárhagslegan rekstur hjúkrunarheimilanna í Fjarðabyggð. Í bréfinu var farið yfir vaxandi hallarekstur Hulduhlíðar og Uppsala á liðnum árum en uppsafnaður greiðsluhalli heimilanna árin 2014 – 2019 nam um 149 milljónum króna. Nú liggur fyrir, að öðru óbreyttu, að halli af rekstri beggja heimilanna verði um 40 - 50 milljónir á árinu 2020 og ef ekkert breytist verður hallinn sambærilegur eða enn meiri á árinu 2021. Í bréfinu áskildi Fjarðabyggð sér rétt til að skoða uppsögn á samningum við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur hjúkrunarheimilanna fyrir lok september 2020, ef ekki kæmu fram sterk og jákvæð viðbrögð frá Heilbrigðisráðuneytinu, þar sem rekstur heimilanna yrði fjárhagslega tryggður til frambúðar og fortíðarhalli þeirra bættur af hálfu ríkissjóðs. Ekki hafa komið fram vísbendingar um viðleitni Sjúkratrygginga Íslands eða Heilbrigðisráðuneytinu, um batnandi rekstur hjúkrunarheimilanna.

Rekstrar- og þjónustuábyrgð heimilanna er á verkefnasviði ríkisvaldsins en ekki sveitarstjórnar og því telur Fjarðabyggð að ekki verði lengur unað við þennan hallarekstur og fyrirséðan hallarekstur á yfirstandandi og komandi ári eða árum. Fjarðabyggð lítur á þessa uppsögn samninga sem neyðarúrræði við núverandi aðstæður.


Karl Ottar Pétursson
bæjarstjóri

Afrit sent heilbrigðisráðherra

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Sími 470 9000
www.fjardabyggd.is
kt. 470698-2099

Mjólfjörður
Norðfjörður

Eskifjörður
Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

Breiðdalur